



Fréttabréf Kjarasviðs

Sambands Íslenskra sveitarfélaga

1. tölublað - 1. árgangur 2010 - ábm.: Inga Rún Ólafsdóttir

SAMSTARF til framtíðar

Miðvikudaginn 17. mars nk. stendur úrskurðarnefnd um starfsmat fyrir ráðstefnu um framtíð starfsmatskerfisins SAMSTARFS. Ráðstefnan fer fram í BSRB húsinu, Grettisgötu 89, Reykjavík og hefst kl. 13:00. Ráðstefnustjóri verður Signý Jóhannesdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands. Skráning fer fram á vef [Sambands íslenskra sveitarfélaga](http://www.samband.is).

Starfsmatskerfið SAMSTARF var tekið upp hér á landi árið 2001. Í lok árs 2008 ákváðu samningsaðilar að meta reynsluna af kerfinu og móta framtíðarsýn SAMSTARFS. Með kjarasamningum aðila starfsmatskerfisins SAMSTARFS, sem undirritaðir voru í desember 2008, var því gerð eftirfarandi bókun:

„Samningsaðilar eru sammála um að skoða sameiginlega, á samningstímanum, hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARF og með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun þess“.

Á fundi úrskurðarnefndar um starfsmat sem haldinn var 24. mars 2009 var ákveðið að skípa sjö manna verkefnisstjórn sem hefði

það hlutverk að skoða starfsmatskerfið út frá fyrrgreindri bókun og móta sameiginlega framtíðarsýn í skýrslu sem lögð skyldi fyrir samráðsfund aðila. Verkefnisstjórnin var skipuð tveimur fulltrúum Launanefndar sveitarfélaga (LN) og fimm fulltrúum stéttarfélaga.

Í skýrslunni er leitast við að svara þeim tveimur meginspurningum er felast í bókun samningsaðila frá því í desember 2008. Annars vegar hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARFS og hins vegar með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun kerfisins. Skýrslan er fyrst og fremst ætluð þeim aðilum er standa að starfsmatskerfinu þ.e. Úrskurðarnefnd um starfsmat, Launanefnd sveitarfélaga, forystumönnum stéttarfélaga og stjórnendum sveitarfélaga.

Hér er hleypt af stokkunum fréttabréfi kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tilgangurinn með útgáfu þess er að efla upplýsingastreymi um kjaramál til stjórnenda, launafulltrúa og annarra sem að starfsmannamálum og framkvæmd kjarasamninga koma hjá sveitarfélögunum. Fréttabréfið verður gefið út eins oft og þurfa þykir og verður aðgengilegt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is.



Vinum saman

Þann 2. mars sl. hélt Samband íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við Starfsendurhæfingarsjóð ráðstefnu um leiðir til að draga úr veikindafjarvistum starfsmanna. Markmið ráðstefnunnar var kynna sjóðinn sem og leiðir til að bregðast við langvarandi fjarvistum starfsmanna vegna veikinda eða slysa.

Ráðstefnan var endurtekin í Ketilhúsinu, Akureyri, mánudaginn 8. mars.

Starfsendurhæfingarsjóður hefur gefið út bæklinginn „Vinum saman“. Í bæklingnum eru settar fram leiðbeiningar um samskipti fyrir starfsmenn, stjórnendur, atvinnurekendur og ráðgjafa í starfsendurhæfingu ásamt ýmsum fróðleik um tengsl veikinda og vinnu. Efni af ráðstefnunni má nálgast hér.

Heimsókn frá Færeyjum

Þann 9. og 10. febrúar sl. fékk Launanefnd sveitarfélaga og kjarasviðið ellefu góða gesti í heimsókn frá Kommunala Arbeidsgevarafelag Føroya, sem er launanefnd sveitarfélaganna í Færeyjum. Hópurinn kynnti sér starfsemi launanefndar og kjarasviðs og heimsótti bæjarstjórnanna í Hafnarfirði, Hveragerði og Árborg. Ráðgert er að auka samstarfið við frændur okkar í Færeyjum.



Áhugavert efni tengt vinnumarkaði

Skýrsla um launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði frá Hagstofunni.

Frétt um starfsfólk í grunnskólum haustið 2009 frá Hagstofunni.

Launaskólinn

Launaskólinn er nýtt starfstengt nám ætlað launafulltrúum og þeim sem koma að kjara- og starfsmannamálum hjá ríki og sveitarfélögum. Hann hentar einnig stjórnendum sem vilja efla þekkingu sína á þessu sviði.

Launaskólinn er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins sem unnið er á vettvangi Fræðslusetursins Starfsmenntar.

Námið í Launaskólanum er ríflega 80 stundir og er því skipt upp í eftirfarandi 4 þemu/lotur:

- » Lota I - opinber vinnumarkaður, starfskjör, ráðning í starf, starfskyldur og starfslok.
- » Lota II -vinnutími og afgangslauna
- » Lota III - fjarvera frá vinnu – launaðar fjarvistir
- » Lota IV - mannauður og hæfni

Námið í lotu I er heildstætt en hinar loturnar samstanda af nokkrum sjálfstæðum námskeiðum. Lota I verður kennd fjórum sinnum á árinu. Námskeiðin í lotu III verða kennd í apríl og stefnt er að því að bjóða upp á námskeið í lotu II og lotu IV næsta haust. Þá er gert ráð fyrir að loturnar verði áfram í boði næstu ár eftir því sem þurfa þykir og aðstæður leyfa.

Frekari upplýsingar um Launaskólann, námslýsingu og fleira fást hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt (sími 525 8395, tölvupóstfang smennt@smennt.is og á vefnum www.smennt.is). Skráning á námskeiðin.

Netútgáfur kjarasamninga

Undanfarið hafa fulltrúar LN unnið með fulltrúum viðsemjenda í samstarfsnefndum bæjarstarfsmannafélaga og verkalýðsfélaga að útgáfu kjarasamninga aðila. Kjarasamningarnir hafa verið uppfærðir með þeim breytingum sem gerðar voru á kjarasamningunum í desember 2008 og í júlí 2009. Nú liggja fyrir heildstæðar útgáfur af samningum LN við þrjá viðsemjendur sem hafa verið samþykktar í samstarfsnefndum aðila og af Launanefnd sveitarfélaga. Um er að ræða samninga LN við Samflot bæjarstarfsmannafélaga, SGS og Eflingu.

Kjarasamningarnir eru birtir á heimasíðu sambandsins www.samband.is. Gert er ráð fyrir að halda þessari vinnu áfram með öðrum viðsemjendum LN.

Starfsmatskerfið SAMSTARF



Starfsmatsráðgjafar kjarasviðs og Reykjavíkurborgar hafa fengið nýja uppfærslu á hugbúnaði starfsmatskerfisins SAMSTARF frá Bretlandi. Þessir aðilar hafa í samvinnu við viðsemjendur sína notað þetta kerfi undanfarin ár við röðun fjölmargra starfa hjá sveitarfélögum. Nú stendur yfir samvinna milli starfsmatsráðgjafa kjarasviðs og Reykjavíkurborgar við að yfirfara og endurskoða hjálpartexta starfsmatskerfisins í því skyni að gera kerfið skilvirkara í notkun.

Móttaka og þjálfun nýliða

Fyrstu kynni starfsmanns og vinnuveitanda verða ekki endurtekin og þau geta haft mikil áhrif á sambandið. Ef ekki er rétt staðið að móttöku nýrra starfsmanna geta þeir upplifað óöryggi og óvissu um hlutverk sitt. Þess vegna er mikilvægt að móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna sé kerfisbundin og markviss. Formlegt móttökuferi þar sem hugað er að fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna leiðir til þess að þeir eru fljótari að ná tökum á starfinu og aðlagast starfsmannahópnum betur. Starfsmenn sem finna að þeir eru velkomnir eru síður líklegir til að hætta á fyrstu mánuðum í starfi.

Þjálfun nýrra starfsmanna skiptist í almenna þjálfun og starfstengda þjálfun. Almenn þjálfun tekur til ýmissa nauðsynlegra og hagnýtra upplýsinga um starfsemi stofnunarinnar, innri ferla, stefnumál og hlutverk annarra starfsmanna. Undir þennan þátt falla líka kynningar t.d. um réttindi og skyldur starfsmanna, vinnuástöðu, verkferla, tölvakerfi og fyrirtækjamenningu.

Starfstengd þjálfun er sérsniðin að starfinu sem nýi starfsmaðurinn á að sinna og þörfum starfsmannsins fyrir þjálfun. Markmiðið er að aðstoða starfsmanninn við að laga sig hratt og vel að þeim kröfum sem gerðar eru til



hans í starfi. Áður en starfstengd þjálfun er skipulögð þurfa þess vegna að liggja fyrir upplýsingar um hvaða kröfur starfið gerir til starfsmannsins (starfslýsing) og hvaða færni nýi starfsmaðurinn býr yfir.

Gátlisti yfir nauðsynleg atriði getur verið gagnlegur til að tryggja að ekkert gleymist við móttöku nýrra starfsmanna. Á gátlistanum kemur fram hverju skal vera lokið áður en starfsmaður kemur til starfa, hvernig tekið er á móti starfsmanni fyrsta daginn og hvernig er staðið að bæði almennri og starfstengdri þjálfun. Þá er einnig gagnlegt að tilnefna ábyrgðarmann fyrir hvern þátt gátlistans.

Ekki má svo gleyma að tilkynna öðrum starfsmönnum komu nýja starfsmannsins og hvetja þá til að taka vel á móti honum.

Nýjar fundargerðir

Launanefnd sveitarfélaga,
239. fundur, 22. febrúar 2010

Á fundinum voru kynnt og rædd drög að tillögum nefndar um endurskoðun á starfsemi LN. Þá var rætt um fyrirhugaðan Mannauðssjóðs SAMFLOTS sem mun hafa ákveðna samsvörun við sambærilega sjóði SGS – aðildarfélag, eins og Sveitamenntog Mannauðssjóð KJALAR. Þá var einnig rædd staðamála varðandi fyrirhugaðan verkefnaflutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót.

Eftirfarandi fundargerðir samstarfsnefnda LN og viðsemjenda voru lagðar fyrir fundinn:

- » Huggarður, 10. fundur, 15. febrúar 2010.
- » KÍ v/Félags grunnskólakennara, 14. fundur, 18. febrúar 2010.
- » KÍ v/Félags leikskólakennara, 81. fundur, 27. janúar 2010.

Vakin er athygli á tveimur atriðum:

- » Ávinnsla fagaldurs í fæðingarorlofi skv. gr. 10.3.3, sjá nánar 2. tölulið fundargerðarinnar.
- » Mat á starfsaldri skv. 3. tölulið fundargerðarinnar. Þeirri ákvörðun samstarfsnefndar hafnaði launanefnd.
- » Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, 45. fundur, 28. janúar 2010.
- » Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, 46. fundur, 28. janúar 2010.
- » Samflot bæjarstarfsmannafélaga, 33 fundur, 18. febrúar 2010.
- » Sjúkraliðafélag Íslands, 36. fundur, 15. febrúar 2010.

Ýmsar greiðslur samkvæmt kjarasamningum LN við Samflot og SGS

- sem gilda frá 1. janúar 2010

krónur

Fæðispeningar á hvern vinnuskyldudag gr. 3.4.4 breytast á 3ja mánaða fresti	332,01
Matarverð starfsmanna fyrir mat frá öðrum aðila gr. 3.4.3	530
Fatapeningar á unna klst. gr. 8.2.7 - breytast á 3ja mánaða fresti	19,35
Tryggingar - breytast á 6 mánaða fresti	krónur
Dánarslysabætur gr, 7.1.2	
1.tl.	1.103.322
2. tl.	6.883.596
3. tl.	9.458.423
4. tl.	1.156.019
Vegna varanlegrar örorku, gr. 7.1.3	
Hámark	16.789.868
Farangurstrygging, gr. 7.1.6	
Hámark	466.957
Hámark fyrir einstakan hlut	89.499
Lágmarks eigin áhætta	7.780